

## 6. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

7. júní 2019, Reykjavík kl. 13:10

**Mætt eru:** Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Enar Kornelius Leferink (EKL) og Rut Einarsdóttir (RE), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj. LUF.

*Fundur settur 13:15*

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir*

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. [Fundargerð](#) 1. fulltrúaráðsfundar var samþykkt.
- 1.2. [Fundargerð](#) 4. stjórnarfundar var samþykkt.

#### 2. Frá framkvæmdastjóra:

Sagt var frá kynningu fyrir formennsku Æskulýðsráðs. Næsti fundur ráðsins verður 11. júní.

#### 3. Ráðning verkefnastjóra:

- 3.1. Farið var yfir mat á umsóknum: 25 einstaklingar sóttu um, af þeim voru 5 metnir hæfastir og þeim raðað í hæfnisröð.
- 3.2. Stjórn ákvað að skipa UH, GF og MÖÓ í ráðningarnefnd. Var þeim falið að boða viðtöl og ganga frá ráðningu.

*EKL vikur af fundi.*

#### 4. Alþingismál:

- 4.1. Fundur 27. maí í forsætisráðuneytinu með verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin vegna [umagnar LUF](#) um landsrýniskýrslu um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum: UH, GF, LMJ og TI sóttu fundinn og gerði UH grein fyrir því helsta sem fram fór. Einkum þá kröfu að haft verði samráð við LUF, að lýðræðislegt umboð ungs fólks sé til staðar og gætt sé að samræmi á milli landa.
- 4.2. Fjallað var um næstu skref í tengslum við [umsögn LUF](#) um frumvarp til laga um félög til almannaheilla.

#### 5. Alþjóðamál: EKL verður fulltrúi Íslands á „Enter! Youth Week“ í Strasbourg.

#### 6. Skuggaþing: TI var falið að skrifa verklýsingu stýrihóps.

#### 7. Sendinefnd LUF hjá SP: Svar frá barst frá utanríkisráðuneytinu við beiðni LUF í samstarfi við Félag SP um stuðning við að koma á fót Ungmennafulltrúa Íslands hjá SP. Ráðuneytið samþykkti að styrkja eitt ungmenni til þátttöku í störfum 74. allsherjarþings SP með greiðslu flugfargjalda og dagpeninga. LUF og Félag SP sjá um val á ungmenni en dagsetningar og skipulag dvalar verður ákveðið í samstarfi við fastanefnd Íslands hjá SP.

- 7.1. Fundur með Félagi SP 3. júní: SPF, LMJ og TI sóttu fundinn þar sem næstu skref voru ákveðin. Þar var LUF falið setja saman drög að þessum hæfniskröfum.
- 7.2. Drög að [hæfniskröfum](#) voru samþykkt og var TI falið að senda þær til yfirferðar af Félagi SP.

#### 8. 2. Fulltrúaráðsfundur: Ákveðið var að halda hann 14. ágúst kl. 20 þar sem Ungmennafulltrúinn verður kosinn. TI var falið að útbúa boð um aðild til félaga utan LUF.

#### 9. Næsti fundur: 5. júlí kl. 15.

#### 10. Önnur mál: UH lagði til að opnað yrði fyrir umsóknir í þjálfarateymi LUF fyrir næsta fund.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 14:53*

*TI ritaði fundargerð*